



## Athuganir vegna Landssmiðju, ódagsett.

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Dómsmálaráðherra – Utanríkisráðherra – Landsmiðjan –  
Athugasemdir – Samanburður við önnur lönd – Skipanaust – Vatnagarðar – Tillögur – Ríkisfyrirtæki

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnámálamaðurinn  
Askja 2-14, Örk 9

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ATHUGANIR VEGNA LANDSSMIÐJU.

Tillögur um Landssmiðjuna frá ríkisskipaðri nefnd.

Þegar Ásgeir Sigurðsson fór frá Landssmiðjunni, var skipuð þja manna nefnd til að athuga rekstur hennar og gera tillögur um framtíðarskipulag. Þessi nefnd var skipuð, Guðjóni Teitssyni, Axel Kristjánssyni og Hannesi Jónssyni frá Hvamms-tanga. Athyglisvert er, að nefndin lagði m.a. til, að rekstur Landssmiðjunnar yrði framvegis miðaður við þarfir ríkisins og hún ynni eingöngu fyrir það, með tilliti til sinnar sérstöðu.

Hliðstæð ríkisfyrirtæki.

Til eru hérlendis önnur ríkisfyrirtæki, sem líta allt annan veg á tilgang sinn, heldur en Landssmiðjan. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg vinnur eingöngu fyrir ríkisstofnanir. Viðgerðarverkst. Vitamála, Vegamála og Landsíma fara heldur ekki út fyrir sinn verkahring. Að sjálfsögðu ættu þær aðrar smiðjur í ríkiseign, sem hér eru nefndar, að leggjast undir Landssmiðjuna, og hún að annast viðgerðir fyrir þær, eins og lög mæla fyrir, ef Landssmiðjan á annað borð, á að starfsækjast áfram.

Skipanaust - Vatnagarðar.

Fyrir nokkrum árum var Landssmiðjan stofnandi að Skipanaust h.f., meðal margra iðnfyrirtækja og iðnaðarmanna, sem töldu rekstri sínum vel borgið í skjóli ríkisfyrirtækisins, sem þá ekki myndi fara inn á þeirra starfsvið. En forusta Landssmiðjunnar í því máli endaði á þann hátt, að mörg smærri iðnfyrirtæki tapa tugum þúsunda við endanleg skuldaskil. Á forsendum þessara samtaka byggðist upp Keilir og Bátanaust við Elliðaárvog. Nú er það upplýst, að Landssmiðjan sækir um lóðaréttindi og flugskýli í Vatnagarðum til skipa- bygginga, fyrir dráttarbraut o.p.h. starfsækslu. Fyrirtækin við Elliðaárvog veslast upp og ríkisfyrirtækið lætur sér sama að gleyma fortíð sinni.

Samanburður við önnur lönd.

Þar sem ríkisverkstæði eru rekin erlendis, vinna þau eingöngu fyrir það opinbera og koma alls ekki til greina í samkeppni við einkarekstur. Ef leita á að samanburði við Landssmiðjuna, þá er einasta að leita austur fyrir "járntjald", en að óreyndu verður að álíta, að sá samanburður þykji ekki henta hér.

Umboðssala, heildsala, smásala.

Auk sinnar starfsemi við iðnað í skjóli sérréttinda, lætur Landssmiðjan sér nú sama að fara á mjög frekan hátt inn í innflutningsverzlun landsmanna. Hún tekur umboð fyrir erlendar verksmiðjur t.d. Nohab-dieselvélar, rafstöðvar og ýmsa erlenda framleiðendur. Heimild Landssmiðjunnar samkvæmt landslögum er ekki fyrir hendi á þessu sviði. Verzlunarstarfsemi Landssmiðjunnar verður að leggjast niður.

Vinnufríðindi.

Vinna fyrir Skipaútgærðina, Eimskip o.fl., sem Landssmiðjan hefir skapað sér í skjóli sérréttinda sinna, eru svo stórkostleg fríðindi, að hver sú smiðja sem hefði þau, ætti með að bjóða betri kjör eða skila stórum arði í formi útsvars og skatta til hins opinbera.



### Skattfríðindi.

Samkvæmt lögum um Landssmiðju, ber henni ekki að greiða útsvar. Allt stofnfé og viðbótarstofnfé, sem ríkið hefir lagt fyrirtækinu liggur arðlaust öll árin frá stofnun. Hún á að vísu að greiða tekjuskatt til ríkisins, en talið er, að hún fái leyfi til að skulda hann, svo stórum upphæðum nemur og talið mjög óvíst, að hann verði nokkur tíma innheimtur. Þau fríðindi, sem fyrirtækið hefir fram yfir einkafyrirtæki af sömu stærð, má áætla að nemi 1/2 millj. kr. árlega.

### Fríðindi til starfsmanna.

Einkafyrirtækin eiga í vök að verjast gagnvart auknum fríðindum, sem starfsmönnum Landssmiðjunnar eru látin í té. Klógumál ganga á milli, um að Landssmiðjan greiði þetta og hitt, svo sem nemendum verkamanna kaup, vinni þeir utan verkstæðis, skólahlunnindi o.þ.h. Ef tekin eru dæmi um þrjú kauphæstu verkstjóra Landssmiðjunnar og Héðins árið 1952, kemur í ljós, að meðalkaup þeirra í Héðni hefir numið kr. 63.700.-, en í Landssmiðjunni kr. 82.700.- eða mismunur kr. 19.000.- á mann.

### Aðstoð ráðuneytis og ráðherra.

Komið hefir í ljós, að Atvinnumálaráðuneytið, sem Landssmiðjan heyrir undir, stjórnar henni á mjög óvæginn hátt með hliðsjón af einkafyrirtækjum, eins og eftirfarandi dæmi sýnir:

Skipaútgerðin fær áætlun frá Landssmiðjunni 27. des. 1952 um kælikerfi í m.s. Herðubreið, að upphæð kr. 158.000.-, sömu vinnu áætlaði Héðinn kr. 128.000.- og var því látinn vinna þetta starf, en gegn mótmælum Landssmiðjunnar, sem kærði þetta atferli til Atvinnumálaráðuneytisins, sem lét sér sæma að senda Samgöngumálaráðuneytinu (sem Skipaútgerðin heyrir undir) bréf dags. 7. febr. '53, þar sem það vítir harðlega, að Skipaútgerðin skuli hafa leyft sér að ganga fram hjá Landssmiðjunni og telur það freklegt brot á reglum um Landssmiðju og ventir þess, að Samgöngumálaráðuneytið sjái til þess að þetta endurtaki sig ekki.

### Fríðindi ríkisfyrirtækisins.

Landssmiðjan hefir að sjálfsögðu ríkisábyrgð á öllum sínum rekstri. Þannig á hún greiðan aðgang að öllum lánsstofnunum og erlend fyrirtæki eru óhrædd að senda henni vörur á eftirkröfu, en við það sparar hún a.m.k. 5% á innkaupum með ábyrgðarkostnaði og vaxtargreiðslu, sem önnur hliðstæð fyrirtæki verða að greiða sínum viðskiptabönkum fyrir opnun ábyrgðar. Það verður að teljast ómetanleg hlunnindi að geta státað af skjaldarmerki ríkisins í erlendum viðskiptum.

### Uppgjöf skulda.

Eftir að Landssmiðjan hafði byggt bátastöð við Elliðaárveg og komzt í þröng með þann rekstur, mun hún hafa fengið milljóna eftirgjöf á skuldum við ríkið. - Einkafyrirtæki verða að standa og falla með sínum gerðum og skuldbindingum.- Þer áhyggjur þarf Landssmiðjan sýnilega ekki að hafa.

### Tréskipasmiði.

Með sérstöku samkomulagi milli byggingarstöðva tréskipa, víðsvegar um landið, var s.l. ári ákveðinn verðgrundvöllur á almennum fiskibátum, smíðuðum innanlands. Landssmiðjan, sem var einn helzti þátttakandi að þessu samkomulagi, hefir þverbrotið settan verðgrundvöll og mikið vantar á, að einkafyrirtækin telji sér mögulegt að fara inn á sama verðlag og Landssmiðjan hefir gert. Benda



má á, að þá er Landssmiðjan byggð 4 fiskibáta við Elliðaár-  
vog, var tapið talið 200 þús á hvern bát, sem ríkið hefir  
eflauts orðið að greiða. Á þetta nú eftir að endurtaka sig  
í skjóli Sjálfstæðisflokksins?

#### Smiði stálskipa.

Tvö járnsmiðafyrirtæki, Hamar og Héðinn, sem vinna í  
harðri samkeppni, gerðu fyrir 20 árum samkomulag um sameigin-  
legt átak um smiði og stærri viðgerðir stálskipa innanlands.  
Stálsmiðjan var stofnuð og hefir nú loks aðstöðu og vélar  
til smiði stálskipa, og hefir smiði fyrsta stálskipsins hér  
á landi, verið hafin nú. En þegar nú er talað um að byggja  
varöbát úr stáli og Stálsmiðjan sér hylla undir áframhald  
á markaðri braut, þá krefst Landssmiðjan þess, að fá smiði  
skipsins í sínar hendur, enda þótt það kosti ríkið milljónir  
í undirbúningi og fjárfestingu, algjörlega að óþörfu, og  
þannig að 20 ára uppbygging og starf einkafyrirtækis verði  
að engu haft.

#### Pípuverksmiðja.

Fyrir 2-3 árum hafði fyrirtæki hér í bæ, A. Jóhannsson  
& Smith, fengið leyfi til innflutnings á vélum til stálpípu-  
framleiðslu. Þetta eru dýrar vélar, sem kosta uppsettar ekki  
undir 1.1/2 - 2 milj. Við framlengingu fékkst gjaldeyris-  
leyfið ekki endurnýjað af ókunnum ástæðum. Í starfi sínu  
hjá Fjárhagsráði hefir P. Pétursson eflaust kynnt öllum áætlunum  
A. Jóhannsson & Smith, og nú fyrir skemmstu er það vitanlegt,  
að Landssmiðjan hefir sótt mjög fast á Fjárhagsráð með  
umsókn um innflutning á þessari vélasamstæðu fyrir sjálfa  
sig.

#### Rafmagnsverkstæði.

Landssmiðjan hefir að undanförmu auglýst að hún nú stór-  
auki starfsemi sína m.a. opnað nýja deild, sem taki að sér  
hverskonar rafmagnsvinnu.

Í því sambandi má vekja athygli á eftirfarandi:

Starfsemi hins nýstofnaða rafmagnsverkstæðis bitnar  
algjörlega á þeim einstökum rafvirkjameisturum og rafmagns-  
verkstæðum, sem þegar starfa hér í bæ.

1. Að búa rafmagnsverkstæði sem þetta, út með húsnæði, vélum  
og áhöldum, efnisbirgðum og rekstursfé, sem til slíks reksturs  
þarf, útheimtir verulegt fjármagn. Sú fjárfesting er hinsvegar  
algjörlega óþörf, fyrir ríkið, eða Landssmiðjuna, því fjöldi  
rafmagnsverkstæða er hér starfandi - í harðri samkeppni -,  
og sem héreftir sem hingað til geta annast alla rafmagnsvinnu  
sem fram er boðin, enda liggja engin ný verkefni fyrir þessu  
nýja verkstæði, önnur en þau að reyna að ná viðskiptum frá  
einstaklingsverkstæðunum.

2. Rafvirkjar, sem Landssmiðjan hefir þegar ráðið, eru keyptir  
út úr störfum á yfirkaupi eða með verkstjórakjörum.

3. Landssmiðjan hefir þegar hafið viðskiptastríð við rafvirkja-  
meistara og innflytjendur efnis, enda mjög viðtek óánægjalda  
físín meðal þessara aðilja, sérstaklega að þetta skuli ske  
nú þegar Landssmiðjan lýtur stjórn Sjálfstæðismanna.

#### Pólitísk starfsemi.

Alþýðuflokkurinn virðist nú þróað ófluga í Landssmiðjunni  
undir forystu fulltrúa fyrirtækisins, Péturs Péturssonar fyrir.  
verðgæslustjóra. Í sambandi við þenslu fyrirtækisins hafa þeir,  
ráðið til sín m.a. Óskar Hallgrímsson, forstöðumann rafmagns-  
verkstæðisins, en hann er einnig í miðstjórn Alþýðuflokksins.  
Alþýðublaðið telur honum telft fram í yfirstandandi bæjarstjórn-  
arkosningum á móti Jóh. Hafstein. Þessi fylking vegur nú m.a.  
aftur að Sigjóni Jónssyni í Járniðnaðarmannafélaginu og orsakar  
fyrirsjáanlegt veldi kommúnista í félaginu. Það fer ekki  
frámhá vegfarendum um miðbæinn, á kvöldin, ljóminn af stærsta  
kosninga-ljósaskilti, sem hér hefir sétt, og komið hefir verið  
fyrir á gaffi Alþýðuhússins, og ber stafina XA.



Það skildi þó aldrei vera að hið nýja rafmagnsverkstaði Landssmiðjunnar hafi gert gripinn og einmitt Alþýðuflokkurinn hafa orðið einhver allra fyrsti viðskiptamaður verkstaðisins. Varð einum kunnugum að orði um leið og hann virti fyrir sér skiltið, að varla hefði þessi jórnfrúgripur verið seldur floknum á uppsprengdu verði.

#### Stofnun og tilgangur Landssmiðjunnar.

Landssmiðjan var stofnuð með sérstökum lögum. Er þar tekið fram, að markmið kennar sé að vinna fyrir ríkisstofnanir og auk þess fyrir einstaklinga, sem þess óska. Þar með er henni fengið vald til að keppa við þegna þjóðfélagsins á frjálsum markaði. Var að sjálfsögðu við þessu að búast, þar sem hugmyndin um Landssmiðju var komin frá vinstrimönnum, sem þá var stjórnað með einræðisvaldi af Jónasi Jónssyni. Eitt af fyrstu verkum valdhafans var að þvinga Eimskipafélag Íslands til að skipta við Landssmiðjuna með sérstökum lagaákvæðum vegna ívilnana, sem félagið naut. Þannig byrjaði ferill Landssmiðjunnar, og hefir tilhneiging/hennar alla tíð verið sú, að þrengja sér inn í rekstur einstaklinga. Enda þótt leggi vel veittist það ekki óþvelt, þar sem hún átti litlum vinsældum að fagna meðal sjálfstæðismanna.

#### Örfá dæmi um aðstöðu Landssmiðjunnar og einkafyrirtækja.

Einkafyrirtækin eru stofnuð með hlutafé, sem í raun og veru er aðeins lánsfé, og ber að greiða af því hæfilega vexti til eigenda.

Einkafyrirtækin verða að greiða þunga skatta og útsvör af rekstri sínum og starfrækslu. Svo þunga, að þeim er gert erfitt fyrir að þróast og fylgja eftir vaxandi kröfum.

Einkafyrirtækin eiga mjög takmarkaðan aðgang að lánsfé hjá bönkunum.

Einkafyrirtækin eiga ávallt í harðri samkeppni um viðskipti og geta aldrei verið viss um fasta viðskiptamenn sín á milli.

Landssmiðjan þarf ekki að standa skil á greiðslu vaxta af stofnfé.

Landssmiðjan þarf ekki að greiða útsvar, stóreignaskatt og mörg önnur opinber gjöld, sem lögð eru á einkarekstur.

Landssmiðjan getur haldið hagnaði sínum óáreitt til stækkunar verzlunarreksturs, vélakaupa og til þenslu á starfsemi sinni í allar áttir.

Landssmiðjan hefir fengið mikið rekstursfé hjá ríkissjóði í formi sérréttinda sinna og þegar illa hefir árað hjá henni, hefir ríkissjóður gefið eftir stórar fjárupphæðir.

Landssmiðjan hefir fasta viðskiptamenn, sem eru skyldaðir að skipta við hana, þar sem eru ríkisstofnanirnar. Að vísu hefir hún ekki getað sinnt öllum þessum verkum, en það sýnir bezt hve aðövelð aðstaða hennar er, og hversu ónauðsynlegt er fyrir hana að seilast eftir verkefnum í samkeppni á sviði einkareksturs.

#### Nauðsyn Landssmiðju.

Það mun ótvírætt vera andstætt stefnu sjálfstæðismanna, að ríkið beiti sér fyrir stofnun fyrirtækja, sem hrifsa undir sig verk þau, sem einkafyrirtæki hafa ávallt haft með höndum. Það er þvingun og á móti stefnu hans. Það er hinsvegar á stefnu-skrá jafnaðarmanna, að þjóðnýta öll fyrirtæki og útrýma einkaframtaki í landinu. Út frá því sjónarmiði er það mjög skiljanlegt og eðlilegt, að menn eins og Pétur Pétursson, skrifstofustjóri Landssmiðjunnar, og fjölmargir starfsmenn hennar, sem eru þekktir vinstri menn, berjast fyrir því með hnúum og



og hnefum, að penja út þetta fyrirtæki, og þar með grafa undán öllum fyrirtækjum einstaklinga, sem nærri þeim eru.

Þessvegna nægir þeim ekki einu sinni sú vinna, sem þeir fá hjá ríkisfyrirtækjunum, heldur nota þeir nú aðstöðu sína, til þess að ná til sín allri vinnu og verzlun á hverju sviði, sem er.

Þessvegna er Landssmiðjan nú einnig að gerast Landverzlun án lagaheimilda og keppir nú meðal annars að því að fá innflutning úr höndum einkafyrirtækja og heilidsöluverzlana.

Þessvegna nægir Landssmiðjunnú ekki, að vera járnsmiðja og trésmiðja lengur. Nú á hún einnig að fara út kvíarnar og reyna að ná verkum úr höndum rafvirkjameistaranna í landinu.

Þessvegna getur Landssmiðjan ekki horft á það aðgerðarlaus, að einkafyrirtæki geri tilraun til að hefja smíði stálskipa hér á landi, heldur verður hún strax að reyna að koma upp byggingarstöð til að bregða fæti fyrir þessa tilraun, því það er vitanlega ljóst hverjum manni, sem um þessi mál fást, að tvær stálskipabyggingarstöðvar geta ekki þrífist hlið við hlið í svo þröngum aðstæðum, sem við eigum við að búa. Það myndi óumflýjanlegt enda með því að önnur byggingarstöðin yrði að gefast upp og loka. En það yrði auðvitað einkaframtakið, ef ríkið heldur áfram að borga fyrir Landssmiðjuna.

Bannig er málum nú komið og má það teljast illa farið, að einmitt þegar þetta fyrirtæki er lagt undir Stjórn Sjálfstæðisflokksins, þá skuli þannig líta út, sem vinstri öflin hafi aldrei fengið jafn gullið tekifæri til að fótum troða einkaframtakið í landinu.

Þar sem maður veit hug og stefnu þeirra manna, sem stjórna Sjálfstæðisflokknum, og sem Landssmiðjan nú heyrir undir, verður ekki hjá því komist að fara fram á það við þá, að þeir sjái um:

1. Að Landssmiðjan takmarki starfsvið sitt eingöngu við vinnu fyrir ríkisfyrirtæki, að svo miklu leiti, sem hún kemst yfir þau. En stefnt sé að því, að ríkið bjóði út þau verk, sem vinna þarf í þágu ríkisins.
2. Að henni sé bannað að reka innflutningsstarfsemi fram yfir það sem hún þarf til eigin þarfa.
3. Að hið nýstofnaða rafmagnsverkstæði verði lagt niður nú þegar.
4. Að hún fái ekki leyfi til frekari fjárfestinga í því skyni að eyðileggja fleirri verkswið einkaframtaksins alveg að óþörfu.
5. Að vinna að því, að Landssmiðjan verði lögð niður, sem ríkisfyrirtæki svo fljótt sem auðið er.

Ef halda á lengra áfram á þeirri braut, að ríkið sjálft smádeyði einkafyrirtæki landsmanna með síauknum ríkisrekstri á öllum sviðum, þá er vikið út af stefnu Sjálfstæðisflokksins, og áður en varir allt viðskiptalíf komið í fjötra og höft. Það er ekki mörg ár síðan þetta óheilla ástand ríkti og á þeim tíma og undir þeirri stjórn var Landssmiðjan stofnuð. Hún er afsprengi þeirra manna, sem fyrirlitu frjálst framtak og brutu það á bak aftur eftir beztu getu. Þeir misstu völdin um tíma og ýmsar óheillaráðstafanir þeirra voru þurrkaðar úr, en eftir situr Landssmiðjan og minnir á þann anda, sem ríkti þegar hún var stofnuð.